

sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfu mílu frá Oddbjarnarskeri 30
nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. 27. júní

Undanþegið þessu banni er þó svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teigshyrnu og innan línu þaðan í Hólmhlátursborgir.

Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er eða uppi drepinn, og renna að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

einkenning fiskiskipa.

31

27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.

31 Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera
27. júní nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar samskonar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hér á eftir.

Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

2. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekktanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

3. gr.

Það varðar sektum, frá 50—2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sjer merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá alt að 400 kr. sekt við því.

Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísvitandi duldu, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausu veiði um alt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

4. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrsetja skip og síðan selja, að undan- genginni aðför, til lúkningar hvorstveggja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.